

# TENING VIÐ DREIFKERFI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Almennar leiðbeiningar til viðskiptavina

## Orkuveita Reykjavíkur er þjónustufyrirtæki sem rekur fjölpætta veitustarfsemi fyrir:

- |                                       |         |
|---------------------------------------|---------|
| ■ heitt vatn                          | LAC-101 |
| ■ kalt vatn                           | LAC-102 |
| ■ rafmagn                             | LAC-103 |
| ■ fráveitu                            | LAC-104 |
| ■ gagnaveitu (Gagnaveita Reykjavíkur) |         |

## Fyrir íbúðarhúsnæði allt að 3.000 m<sup>3</sup> eru allar veitur lagðar í einni tengingu á flestum veituvæðum:

- |                              |         |
|------------------------------|---------|
| ■ Allar veitur – ein tenging | LAC-140 |
|------------------------------|---------|

## HVAÐ ÞARF TIL AÐ TENING KOMIST Á?

Misjafnt er eftir sveitafélögum hvaða þjónustu Orkuveitan býður á hverju svæði. Á baksíðunni er yfirlitsmynd sem sýnir þjónustuvæðin.

Sótt er um tengingu til Orkuveitu Reykjavíkur á eyðublaði sem fæst á afgreiðslustöðum Orkuveitunnar og á [www.or.is](http://www.or.is), þar sem hægt er að prenta eyðublaðið út og einnig að sækja beint um rafrænt.

Á skipulögðum nýbyggingarsvæðum þarf ekki að sækja um tengingu við fráveitu eða gagnaveitu en aðrar tengingar þarf að sækja um bæði bráðabirgðatengingar og varanlegar.


Þegar sótt er um tengingu þarf viðkomandi lóð og mannvirki að uppfylla ákveðin skilyrði eins og að sá hluti húss sem heimlagirnir koma í sé lokaður, jarðvegur kominn í rétta hæð og ekkert fyrir lagnaleið heimlagna. Inntaksrýmið þarf að uppfylla skilyrði í samræmi við byggingarreglugerð eins og til dæmis að hafa niðurfall í gólfi þegar sótt er um vatn og vera loftræst.

Sækja þarf tímalega um tengingu því Orkuveitan þarf eðlilegan tíma til hönnunar og lagningar heimlagna.

FRÁ UMSÓKN  
TIL AFHENDINGAR







## ● HÆÐARBLAÐ, HEIMLÖGN OG INNTAKSSTAÐUR

Heimlögn er alltaf lögð stystu mögulegu leið frá dreifilögn í götu að inntaksstað að teknu tilliti til aðstæðna á lóð hverju sinni. Áður en heimlögn er lögð að húsi skal fylla að því og jafna lóð í endanlega hæð.

Inn á hæðarblað sem fylgir við lóðaúthlutun er merkt kvöð um inntaksstað heimlagna og lega fráveitulagna inn á lóð ásamt hæðarkvóta. Inntaksstaður er við útvegg á þeirri húshlið sem snýr að dreifilögnum.

Ef uppfyllt er verklag samaber „Allar veitur – ein tenging“ samþykkir Orkuveitan að inntaksrými verði staðsett innar í húsi.

Lóðarhafi ber allan umframkostnað sem af því leiðir að breyta út frá kvöðum sem fram koma á hæðarblaði.

## ● INNTAKSRÝMI


Heimlagnir eru ekki lagðar í hús fyrr en inntaksrýmið er fohkelt og lokað á fullnægjandi hátt. Stærð inntaksrýmis fer eftir stærð heimlagna, umfangi tengibúnaðar og fjölda mæla.

Inntaksrými skal að öllu leyti vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og í fjöleignarhúsum staðsett í sameign þar sem allir eigendur hafa aðgang að.

## ● AÐGENGI FYRIR STARFSMENN ORKUVEITUNNAR

Tryggja verður aðgengi Orkuveitunnar að inntaksrýmum. Þessi kvöð nær meðal annars til allra mæla og mælagrinda, stofnloka, aðalvara, stofntengiboxa eða stofnvarkassa og stofnlagna.

Þar sem ekki er dagleg viðvera getur Orkuveitan krafist þess að nauðsynlegum inntaks- og mælubúnaði verði komið fyrir utandyra í viðeigandi skáp sem húseigandi leggur til og er aðgengilegur starfsmönnum Orkuveitunnar.



## AFGREIÐSLA OG UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Orkuveitunnar [www.or.is](http://www.or.is). Þá eru starfsmenn Orkuveitunnar reiðubúnir að veita nánari upplýsingar.

Afgreiðslan í Reykjavík að Bæjarhálsi 1 er opin virka daga frá kl. 08:30 til kl. 16:00.

## AÐRIR AFGREIÐSLUSTAÐIR:

<b>Reykjavík</b>	Bæjarhálsi 1	sími 516 6000	fax 516 6408
<b>Akranes</b>	Dalbaut 8	sími 516 7310	fax 431 5044
<b>Borgarnes</b>	Sólbakka 15	sími 516 7330	fax 437 2075
<b>Stykkishólmur</b>	Hamraendum 2	sími 516 7380	
<b>Grundarfjörður</b>	Grundargötu 30 (afgr. hjá bæjarskrifst.)	sími 430 8500	
<b>Hveragerði</b>	Sunnmörk 2 (afgr. hjá Sparisj. Vestm.)	sími 488 2100	
<b>Þorlákshöfn</b>	Selvogsbraut 2	sími 516 7410	fax 483 3502
<b>Hella</b>	Eyjasandi 9	sími 487 5109	fax 487 5209

